

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík, 12. janúar 2024
UST202312-099/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggðar er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina heimild fyrir efnistöku við Hálsá, sem er forsenda framkvæmdaleyfis. Fyrirhuguð efnistaka er um 49.000 m³ á um 2,4 ha lands á vesturbakka árinna. Efnistökusvæði 2,5 ha eða stærri og/eða 50.000 m³ eða stærri eru tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar um það hvort meta þurfi umhverfisáhrif þeirra. Fyrirhuguð náma er því ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027¹. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna er gerð vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er að sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðalskipulag sveitarfélagsins sé **í samræmi** við þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun sbr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Jafnframt vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar. Auk þess er mikilvægt að í umhverfisskýrslu sé settur fram umhverfisþátturinn vatn/vatnshlot, að viðmiðin séu lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun og settar fram matsspurningar sem fjallar um áhrif tillögunnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins.

Vatnshlotið sem á við hér nefnist Hálsá og hefur vatnshlotanúmerið 102-1773-R. Vatnshlotið er metið í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi samkvæmt vatnavefsja stjórnar vatnamála ². Efnafraðilegt ástand vatnshlotsins hefur ekki verið metið. Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi og *góðu* efnafraðilegu ástandi og eru þau markmið lagalega bindandi.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka getur haft áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins en samkvæmt vatnaáætlun má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Fjarlæging á efni (set og möl) úr straumvatnshlotum með tilheyrandi raski getur haft neikvæð áhrif vatnsformfræðilega gæðabætti (t.d. rennsli, dýpi, botngerð, samfellu eða svifaur) og þar af leiðandi neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Framkvæmdaraðili þarf að meta þau áhrif sem efnistakan mun hafa á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti vatnshlotsins Hálsá (102-1773-R). Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Mat á umhverfisáhrifum

Í greinargerð segir að efnistökusvæði 2,5 ha eða stærri og/eða 50.000 m³ eða stærri eru tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar um það hvort meta þurfi umhverfisáhrif þeirra. Fyrirhuguð náma er því ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka.

Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

² [Vatnavefsja stjórnar vatnamála, Hálsá \(102-1773-R\)](#)

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur

Hörgársveit_25.1.2024_umsögn lýsing

Til : Dalvíkurbyggð <dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is>; María Markúsdóttir <mariam@dalvikurbyggd.is>
Frá : Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar <sbe@sbe.is>
CC : Snorri Finnlaugsson <snorri@horgarsveit.is>; Vigfús Björnsson <vigfus@sbe.is>
Heiti : Hörgársveit_25.1.2024_umsögn lýsing
Málsnúmer : 202303003
Málsaðili : Arnfríður Friðriksdóttir
Skráð dags : 25.01.2024 00:00:00
Höfundur : Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar <sbe@sbe.is>

Góðan dag.

Sveitarstjórn Hörgársveitar fjallaði um erindi þitt á fundi sínum 25. janúar 2024.

Eftirfarandi er bókun úr fundargerð:

e) Í lið 8, breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 – efnisnáma við Hálsá – umsagnarbeiðni (2312003)

Dalvíkurbyggð óskar eftir umsögn Hörgársveitar um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá. Skipulagslýsing frá Teikna frá desember 2023 lögð fram. Umsagnarfrestur var til 29. desember 2023 en hefur verið framlengdur. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

Þetta tilkynnist hér með.

Ása Dóra Finnbogadóttir

Fulltrúi hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar bs.

Skólatröð 9, 605 Akureyri

S: 463 0621

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík, 11. janúar 2024

Tilvísun: 202401092 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna efnistöku úr Hálsá

Dalvíkurbyggð hefur, með erindi dags. 5. janúar 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í desember 2023, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um efnistöku úr Hálsá til að verja ræktunarland og lyngmóa og til að skapa búsvæði fyrir sjóbleikju í ánni.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar. Bent er á að sé ætlunin að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulagsbreytingarinnar þarf að setja fram sértæk skipulagsákvæði fyrir efnistökusvæðið varðandi þá þætti sem koma þurfa fram í framkvæmdaleyfi.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Fjallabyggð_5.1.2024_umsögn lýsing

Til : María Markúsdóttir <mariam@dalvikurbyggd.is>
Frá : Íris Stefánsdóttir <iris@fjallabyggd.is>
Heiti : Fjallabyggð_5.1.2024_umsögn lýsing
Málsnúmer : 202303003
Málsaðili : Arnfríður Friðriksdóttir
Skráð dags : 05.01.2024 00:00:00
Höfundur : Íris Stefánsdóttir <iris@fjallabyggd.is>

Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæl María. Hér er afgeiðsla skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar frá því í gær:

2312028 - Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna efnisnáms í Hálsá - umsagnarbeiðni

Lagt fram erindi Maríu Markúsdóttur skipulagsfulltrúa, dags. 11.12.2023 þar sem óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá.

Nefndin gerir engar athugasemdir við framlagða skipulagslýsingu.

Bestu kveðjur,



Íris Stefánsdóttir
Skipulagsfulltrúi
Skipulagsfræðingur M.Sc.
Beinn sími: 464-9111
Netfang: iris@fjallabyggd.is

[Bókaðu tíma til að hitta mig](#)

Skipulagsfulltrúi
María Markúsdóttir
Dalvíkurbyggð
Ráðhúsinu, 620 Dalvík

Mál: 2023-12-0366

Selfossi 21. desember 2023

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna áforma um efnisám við Hálsá í Dalvíkurbyggð.

Með tölvubréfi 12. desember sl. óskaði Dalvíkurbyggð eftir umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020 vegna áforma um efnisám við Hálsá. Með erindi þessu fylgdi umrædd skipulagslýsing; *Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020. Efnisám við Hálsá* (Teikna 2023).


Fyrir liggur umsókn til sveitastjórnar Dalvíkurbyggðar um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku við Hálsá. Fyrirhugað er að taka um 49.000 m³ af efni á um 2,4 ha lands á vesturbakka árinna. Hluti af framkvæmdinni eru landvarnir en einnig er ætlunin að skapa aðstæður fyrir lífríki í ánni sem sagðar eru ekki til stað í dag. Mynda á tjarnir sem hugsaðar eru sem búsvæði fyrir sjóbleikju. Um er að ræða rask í og við farveg árinna nálægt ósum hennar í Svarfaðardalsá.

Fram kemur að við gerð breytingartillögu aðalskipulags verði unnin umhverfisskýrsla þar sem gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum skipulagsins á umhverfið eftir því sem við á.

Einhver fiskgengd er í Hálsá en veiðihlunnindin eru sögð ekki nýtt. Fyrir liggur umsögn Fiskirannsókn ehf. þar kemur fram að rannsókn hafi verið gerð á ánni með seiðamælingum rétt ofan við fyrirhugað efnistökusvæði og að engin seiði hafi fundist (Erlendur Steinar Friðriksson 2023). Í umsögninni er álitíð að með ákveðnu verklagi, mótvægisáðgerðum og eftirfylgni, megi gera umrædda efnistöku ásættanlega í umhverfilegu tilliti. Með seiðamælingum fyrir og eftir framkvæmdir, loftmyndum og drónamælingum og gögnum úr veiðibók verði áhrifin metin.

Umsögn

Hálsá er um 9 km löng jökulskotin dragá (Sigurjón Rist 1990) og fellur hún til Svarfaðardalsár rétt ofan við ósa hennar í Eyjafjörð, skammt frá byggðinni í Dalvík. Ekki liggja fyrir veiðitölur úr Hálsá.



Mynd 1. Fjöldi stangveiddra bleikja og urriða í Svarfaðardalsá á árunum 2000 til 2022.

Umtalsverð stangveiði hefur hins vegar verið stunduð í Svarfaðardalsá og samkvæmt innsendum veiðiskýrslum var meðalársveiði árána 2000 – 2022, 532 bleikjur, 99 urriðar og 2 laxar (Hafrannsóknarstofnun veiðigrunnur). Verulega hefur dregið úr bleikjuveiðinni eftir 2009 en þá var hún 1.104 bleikjur en verið á milli 100 og 150 bleikjur á síðustu fjórum árum. Urriðaveiðin hefur einnig dregist saman en sú þróun hófst eftir 2011 (mynd 1).

Nokkrar fiskrannsóknir hafa verið gerðar á Svarfaðardalsá. Rannsóknir gerðar á árunum 1992 – 1995 sýndu að bleikjuseiði er víða að finna í vatnakerfinu, bæði í ánni sjálfri og í þveránum. Líklega voru þetta mest sjóbleikjuseiði (Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1996). Á árinu 1998 var unnið búsvæðamat fyrir laxfiska á vatnasvæði Svarfaðardalsár. Þar kom fram að malareyrar ána væru mikilvægir fyrir uppeldi bleikjuseiða þar kom og fram að malartekja væri óæskileg úr farvegum. Stórfelld malartekja skemmi uppeldissvæði bleikju og geti spillt veiðistöðum (Sigurður Guðjónsson og Bjarni Jónsson 1998).

Þótt ekki hafi fundist seiði í Hálsá í fyrrgreindri seiðakönnun er ekki þar með sagt að þar sé ekki hrygning og uppeldi laxfiska. Frekar verður að telja líklegt að svo sé enda áin aðgengileg sjóbleikju og virðist um margt lík Svarfaðardalsánni. Þá hefur Hafrannsóknastofnun heimildir fyrir því að bleikjuveiði sé í ánni. Þeirri rannsókn sem vísað er til í innsendum gögnum málsins er ekki vel lýst og virðist því vera frekar lausleg.

Seiði laxfiska halda sig gjarna á grýttum búsvæðum í ám og lækjum, en þar sem botnefni er fínt (leir, sandur) og þar sem er slétt klöpp eru búsvæði rýrari. Laxfiskar hrygna á malarbotni þar sem vatnsstreymi er gott. Malarnám í farvegum vatnsfalla hefur í för með sér röskun á búsvæðum og getur valdið afföllum hrognu og fiskseiða og annarra lífvera sem lifa í vatni. Afföll í seiðastofnum geta haft áhrif á fiskgengd, veiðimöguleika og viðgang stofna síðar.

Almennt hafa sjóbleikjubleikjustofnar á Íslandi og víðar í Evrópu átt undir högg að sækja á síðari árum (Svenning M.A. o.fl. 2021). Bleikjustofninn á vatnasvæði Svarfaðardalsá er í mikilli lægð og þess vegna rétt að gæta mikillar varúðar við nýtingu stofnsins og framkvæmdir sem geta haft neikvæð áhrif á búsvæði hans.

Það er mat Hafrannsóknastofnunar að öllu jöfnu ætti efni til framkvæmda ekki að sækja í virka farvegi vatnsfalla eða svo nálægt þeim að árvatn geti flætt í efnisnámur. Það á við um áhrif á lífríki í vatni almennt en á ekki síst vegna stöðu bleikjustofnsins ætti ekki að staðsetja umræddar námur í farvegi Hálsár. Hér er um stórfelld efnisnám að ræða sem hefur neikvæð áhrif á lífríki árinna verði það í farvegi hennar. Bæði fyrirhugað efnismagn (49.000 m³) og efnistökusvæði (2,4 ha) eru rétt undir þeim mörkum sem tilgreind eru sem viðmið fyrir lögformlegt mat á umhverfisáhrifum sem miðast við 2,5 ha og 50.000 m³ samkvæmt viðauka 1 við lög nr. 111/2021. Ráðgerð efnistaka tekur til 4-5 ára sem er lágmark þess tíma sem röskunar á farvegi árinna stendur. Í rökstuðningi er sagt að fylgst verði með áhrifum framkvæmdarinnar með seiðamælingum. Þótt það sé góðra gjalda vert eru ekki tekin fram viðmið varðand inngríp ef áhrif verða meiri en ætlað er. Lífsferill sjóbleikju spannar ca 5-7 ár. Því getur tekið nokkur ár áður en áhrif verða mælanleg í seiðamælingum og veiðitölum. Einnig að ef framkvæmdin veldur skaða á lífríki, þ.m.t. bleikju, getur tekið langan tíma fyrir lífríkið og bleikjuna að rétta aftur við. Eindregið er mælt með að velja efnistökuastað fyrir námur fjarri ánni en ekki hefur verið rökstutt af hverju fyrirhuguð efnistaka er hugsuð í og við vatnsvarveginn frekar en á öðrum nærliggjandi svæðum. Stofnunin getur jafnframt ekki séð og dregur í efa að fyrirhuguð búsvæðagerð geti verið bleikjunni í ánni til hagsbóta, þvert á móti má gera ráð fyrir að þær skaði stofninn. Varðandi landbrotsvarnir bendir stofnunin á að hjá Landgræðslunni er mikil þekking og reynsla sem gagnast gæti í máli þessu til varnar landi frekar enn að ráðast í umfangsmikla efnistöku. Ef farvegir eru dýpkaðir og rofmáttur vatns eykst er aukin hættu á frekara rofi og að vatn leiti í bakka sem þá geta kallað á frekari aðgerðir og rask síðar.

Vakin er athygli á að í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006 segir: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu*“.

Þá bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Við allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á ár og vötnum skal því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni við framkvæmdir. Stofnunin bendir sérstakleg á að í 18. gr laga þessara er fjallað um að leita þarf til Umhverfisstofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. sömu laga. Ef lífríki nær ekki mjög góðu eða góðu ástandi ber að upphefja það.

Heimildir

Erlendur Steinar Friðriksson 2023. Umsögn vegna efnistöku við Hálsá. Fiskirannsóknir ehf.

Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1996. Rannsóknir á sjóbleikju í Svarfaðardalsá 1992 – 1995. Veiðimálastofnun, skýrsla. VMSTR/96008: 14 bls.

Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík: 248 bls.

Sigurður Guðjónsson og Bjarni Jónsson 1998. Búsvæði og nýting bleikju í Svarfaðardalsá. Veiðimálastofnun, skýrsla. VMSTR/96008: 16 bls.

Svenning, M.A., Falkegård, M., Dempson, J.B., Power, M., Bårdsen, B.-J., Guðbergsson, G. og Fauchald, P. 2021. Temporal changes in the relative abundance of anadromous Arctic charr, brown trout, and Atlantic salmon in northern Europe: Do they reflect changing climates? *Freshwater Biology*. 67(1): 64-77.

Teikna 2023. Skipulagslýsing. Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2023. Efnisnám við Hálsá: 9 bls.

Fh. Hafrannsóknastofnunar



Magnús Jóhannsson



Dalvíkurbyggð

Ráðhúsinu
620 Dalvík

Hálsá, breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar, umsögn

Yðar tilvísun:

Vegagerðin hefur farið yfir skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020: Efnisnám við Hálsá, skv. tölvupósti dags. 11.12.2023.

Efnistaka á þessum stað hefur í för með sér breytt hlutverk tengingar við Ólafsfjarðarveg (82) austan við Hálsá og þar með breytingu á tengingunni. Skoða þarf með Vegagerðinni hvort tenging uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru.

Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson

Undirskrift



Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsinu
620 Dalvík

20. desember 2023

Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 ***Umsögn um skipulagslýsingu vegna efnistöku við Hálsá***

Með tölvupósti þann 11. desember sl. óskaði skipulagsfulltrúi Dalvíkurbyggðar eftir umsögnum um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulags sveitarfélagsins. Skipulagslýsingin sem hér er til umsagnar er unnin af Teikna og er dagsett í desember 2023.

Fram kemur að fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting felist í því að skilgreint verður 2,4 ha efnistökusvæði við Hálsá. Á svæðinu verður leyfilegt að taka allt að 49.000m³ af efni.

Minnt er á að efnistaka fellur undir tölulið 2.6. í viðauka X við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og er því háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Af hálfu Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna eins og hún er sett fram.

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Skipulagsfulltrúi
Dalvíkurbyggð

Akureyri, 14. desember 2023
MÍ202312-0056/ 6.08 / S.G.

Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá

Með tölvupósti sendum 11 desember sl óskaði María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi Dalvíkurbyggðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulagslýsinu fyrir breytingar á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá. Með póstinum fylgdi skipulagslýsing dagsett í desember 2023. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina heimild fyrir efnistöku við Hálsá, sem er forsenda framkvæmdaleyfis. Fyrirhuguð efnistaka er um 49.000 m³ á um 2,4 ha lands á vesturbakka árinna.

Fornleifaskráning hefur verið gerð sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal*. Fornleifastofnun Íslands ses FS204-99094. Fornleifaskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um skráningu ef gefur engu að síðaur mjög góða mynd af fornleifum á svæðinu. Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit. Minjavörður kannaði einnig svæðið á vettvangi þann 12. desember síðastliðinn. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi. Þegar nákvæm afmörkun svæðisins verður ljós þarf umsókn um framkvæmdaleyfi að koma inn til umsagnar hjá Minjastofnun.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra